

Ed.

443. Nefndarálit

[172. mál]

um frv. til l. um tímabundið olúgjald til fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í hvert sinn sem núverandi hæstvirtur sjávarútvegsráðherra hefur mælt fyrir lögum um tímabundið olúgjald til fiskiskipa hefur hann jafnframt lýst yfir vilja sínum til að breyta því eða afnema í þeirri mynd sem það nú er. Við höfum jafnoft lýst yfir vilja okkar til samvinnu um skynsamlega breytingu, en ekkert hefur gerst annað en að hringlað hefur verið með olúgjaldið um nokkur prósent upp eða niður.

Sú ákvörðun, sem nú er verið að taka um 7% olúgjald, er ekki annað en staðfesting á gefnum loforðum, á þegar gerðum samningum og er í raun hluti af síðustu fiskverðsákvörðun.

Við höfum ekki orðið til að tefja gang þessa máls í gegnum þingið og munum ekki greiða atkvæði gegn því en sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 11. mars 1982.

Guðm. Karlsson,
frsm.

Egill Jónsson.